



Reykjavík, 3. maí 2024

Efni: Frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun

Vísað er til umsagnarbeiðni í Samráðsgátt stjórnvalda frá 19. apríl síðastliðnum, frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna frumvarps til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900 mál.

Umsögn þessi er sett fram fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélags þess, Orku náttúrunnar ohf., hér eftir Orkuveitan.

Orkuveitan fagnar því að fram séu komnar tillögur um flýtimeðferð fyrir vindorkukosti. Skipti úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa eru nauðsynleg og í því skyni þarf aukna framleiðslu á endurnýjanlegri orku. Þar mun vindorka spila stórt hlutverk enda er sú orka þeim kostum búin að hægt er að þróa og byggja vindorkuver mun hraðar en þekkist í nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Hins vegar hefur núverandi framkvæmd í kringum rammaáætlun verið stór hindrun og mikil þörf er á hraðari og skilvirkari stjórnýslu í kringum leyfisveitingar í orkuframleiðslu. Forsenda fyrirbyggjandi breytinga á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun verður að vera að þær séu til þess fallnar að raunverulega einfalda og flýta stjórnýslu í kringum vindorkukosti. Þessar breytingar þurfa að styðja við þau markmið að stytta og einfalda leyfisferla. Það er mat Orkuveitunnar að það sé til staðar veruleg hætta á að breytingin muni að óbreyttu ekki ná markmiðum sínum.

Orkuveitan hefur ítrekað komið á framfæri við stjórnvöld athugasemdum við málsmeðferð í kringum rammaáætlun og þörf á því að hafa einfaldara og skilvirkara kerfi í kringum ákvarðanir um nýtingu og vernd orkuaútlinda. Orkuveitan tekur undir og ítrekar þau sjónarmið sem rakin eru í fyrri umsögn Orkuveitunnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 um sérstaka málsmeðferð í þágu orkuskipta og kolefnishlutleysis en þar sem fram koma áhyggjur af því að breytingarnar væru í raun ekki til líklegar til að stytta og einfalda leyfisveitingarferli vegna vindorkunýtingar. Í þessu samhengi bendir Orkuveitan á að um ár er liðið síðan beiðnir fyrir þrjá vindorkukosti voru sendar til Orkustofnunar til umfjöllunar verkefnisstjórnar, en ekki liggja fyrir upplýsingar um hvar í ferlinu sú málsmeðferð er né hvenær niðurstaða kann að liggja fyrir. Auk þess vísar Orkuveitan í umsögn um endurskoðun á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, dags. 18.4.2024.

Orkuveitan þakkar tækifæri á að koma að umsögn vegna málsins og áréttar að fulltrúar félagsins eru reiðubúnir að gera frekari grein fyrir umsögninni sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Þóra Jónsdóttir lögmaður